


Margrét Þormar
Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 10 - 12
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. mars 2009
Tilvísun: UST20090200058/ksj


Ísaldarklapparsvæði við Hjarðarhaga


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar um beiðni Háskóla Íslands um að byggja yfir ísaldarklappir á lóð Háskólans á horni Hjarðarhaga og Suðurgötu.

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreindar ísaldarklappir á horni Hjarðarhaga og Suðurgötu njóta ekki verndar samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, þó er hér um sérstæðar klappir á svæðisvísu að ræða, því tekur Umhverfisstofnun undir hugmynd um að byggja yfir klappirnar að hluta og gera þær aðgengilegar til sýninga innanhúss og gera þær þannig að mikilvægum þætti í innrými nýbyggingar mennta- og vísindasviðs Háskóla Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við byggingarframkvæmdir á svæði næst ísaldarklöppunum verði forðast að raska þær eins og kostur er.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri